

Ársskýrsla
Skógarvarðarins á
Suðurlandi
1999.

Böðvar Guðmundsson.

Efnisyfirlit.

Kaflar:

1. Veðurfar ársins	bls 3
2. Vöxtur og þrif trjágróðurs	bls 4
3. Starfsfólk	bls 4
4. Girðingar	bls 5
5. Skógarhögg.....	bls 5
Sala jólatrjáa í G 25	bls 7
+ sölulistar fyrir hverja trjátegund	
+ kort yfir höggstaði.	
6. Landvinnsla / Jarðvinnsla	bls 9
7. Gróðursetning	bls 7
auk gróðursetningakorta sem innskotssíður.	
8. Hirðing skóglenda	bls 10
9. Byggingar, vélar og verkfæri	bls 11
10. Rekstraryfirlit suðurlandsdeildar	bls 12
11. Ýmislegt	bls 13
11.1 Ferðafólk	bls 13
11.1.1 Tjaldstæðið í Þjórsárdal	bls 13
11.1.2 Hjólhýsastæðið í Þjórsárdal	bls 13
11.1.3. Haukadalsskógur	bls 15
11.1.4. Gestir í heimsókn	bls 16
11.2. Ýmis verkefni í skóglendunum	bls 17

1. Veðurfar ársins 1999.

Hér fer á eftir veðurfarsyfirlit ársins og er miðað við veðurupplýsingar frá Hæli í Gnúpverjahreppi.

Janúar: Fyrri partur heldur kaldur miðað við sunnlenskt veðurfar en seinni hluti umhleypingasamur. Meðalhiti $-0,8$ Vik frá meðalári (31-60) $+ 0,9$ gráður.

Febrúar: Mánuðurinn allur kaldur utan 5 daga um miðjan mánuð þar sem hiti var yfir frostmarki. Meðalhiti $-2,7$ gráður, vik $- 1,1$ gráða. Mesta snjódýpt 25 cm.

Mars: frost flesta daga með norðanáttum að venju. Meðalhiti $-2,5$ gr. Vik: $-2,5$. Mesta snjódýpt 15 cm.

Apríl: Flestir dagar yfir frostmarki nema 7 dagar um miðbik mánaðarins. Fura sviðnar. Meðalhiti $2,4$ gráður, vik: $+0,2$ gr. Mesta snjódýpt 5 cm í einn dag.

Mai: Frostlaust allan mánuðinn og veður heldur blíð. Engir hitatoppar í lok mánaðar eins og oft vill henda. Meðalhiti $6,6$ gr, vik: $0,0$ gr. Snjólaust.

Júní: Hagstæður frostlaus, þó aldrey mjög heitt. Meðalhiti $8,9$ gr, vik $- 1,0$ gr. Snjólaust. Hiti komst yfir 20 gr í 2 daga.

Júlí: Nokkuð úrkomusamur en hiti bærilegur. Meðalhiti $10,6$ gr. Vik $-1,1$ gr. Úrkomumagn 31 % yfir meðalag 31-60.

Ágúst: Ágúst verður að teljast hlýr, en nokkuð skúrasamur. Meðalhiti $10,8$ gr. Vik $+0,1$ gr. Úrkoma 1 % umfram meðaltal.

September: Frostlaus að mestu. Fyrstu frost $28/9 = 3,0$ gr. Nokkuð skúrasamur framanaf. Meðalhiti $8,2$ gr. Vik $+ 0,4$ gr umfram meðalag. Úrkoma $+7$ % umfram meðallag.

Oktober: Að mestu frostlaus. Örfáir sólarhringar með vægu frosti. Meðalhiti $4,7$ gr. Vik $+1,0$ gr. Úrkoma 2% yfir meðallagi.

Nóvember: Fyrri hluti: um og kringum frostmark. Seinni hluti stöðug frost. Mesta frost 24 nóv = $11,4$ gr. Meðalhiti $0,1$ gr. Vik $-1,1$ gr. Úrkoma 75 % yfir meðallag. Mjög mikið snjóaði í Haukadal síðari hluta nóv og torveldaði jólatrjáahögg.

Desember: Frostasamur og fáir dagar frostlausir. Meðalhiti $-2,7$ gr. Vik $-2,3$ gr frá meðallagi. Úrkoma aðeins 69 % af meðaltali.

[Samanburður veðurstöðvanna Hælis í Gnúpverjahreppi og Hjarðarlands í Biskups-tungum fylgja þessari ársskýrslu. Sjá viðauka.](#)

2. Vöxtur og þrif trjágróðurs.

- 2.1. Laufgun og lauffall:** Ekki skráð sérstaklega en var á eðlilegum tíma.
- 2.2. Vöxtur trjáa:** Sitkagreni áberandi langir toppsprotar. Aðrar tegundir í meðallagi. Í jólablaði Sunnlenska kom fram að allavega tvö tré séu komin yfir 20 metra hæð á suðurlandi, annað er landsfræg ösp sem sunnlendingar hafa verið að pissa á síðast liðin ár, hitt er ösp í Laugarási í Bisk.
- 2.3. Skaðar:** Mikið bar á ryðsvepp víða á suðurlandi. **Gljávíðiryðsveppur** *Melampsora laricipentandra* er að gera usla víða í gördum á Selfossi. Fólk tekur víðirinn upp í unnvörpum og fleygir.

Í júní urðu menn varir við óværu í lerki. Líkast til er um að ræða Larch needl cast disease, **Lerkinálafallsýki**, en sýkinni veldur lerkibarrfellisveppurinn *Meria larcis*. Mikið bar á sveppnum í Haukadal og nokkru minna í Þjórsárdal.

Ryðsveppur á ösp líklega *Melampsora larici-populina*, sem hefur hýsilskipti við lerki, er ekki áberandi nema helst í Hveragerði að sögn. Virðist leggjast á ákveðna asparklóna.

Sveppur í rauðgreni var áberandi í Haukadal. Hér er líkast til **ekki** um að ræða

Grenibarrfellisveppinn *Rhizosphaera kalkhoffi*, því þessi sveppur hagar hann sér álíka og douglasátan í lerki. Greinar eða greinaendar og heilu eða hálfu trén visna upp og fella barrið. Í allmörgum tilfellum standa eftir dauð tré á stangli í skóginum.

Á haustmánuðum fóru menn að taka eftir ryðsvepp á rauðgreni í Haukadal. Nálar ársins urðu gulröndóttar og gulri sliktu sló yfir rauðgrenihlíðarnar. Þetta var sérstaklega áberandi í eldri gróðursetningum en lítið í yngri plöntunum. Sveppurinn hafði því lítil áhrif á jólatrjáahögg hvað sem svo skeður á næsta ári. Hér er líkast til um að ræða

Greniryðsveppinn *Chrysomyxa abietis*.

3. Starfsfólk 1999

Nafn	Heimili	Staður	sími	kennitala	aldu r
Arinbjörn Þorbjörnsson	Hlíðarvegur 11	220 Kópav.	564-1608	110561-5719	38
Arnþór Jón Þorvarðars	Vorsabæ 3	Reykjavík	587-1633	071281-3889	16
Bjarnheiður Böðvarsd	Sigtún 9	800 Selfoss	482-1798	200580-3469	19
Björgvin Eggertsson	Baugstjörn 9	800 Selfoss	482-3394	070866-4639	32
Böðvar Guðmundsson	Sigtún 9	800 Selfoss	482-1798	200749-3679	49
Egill Baldursson	Klængsel	801 Selfoss	486-3367	180382-4459	17
Friðrik S. Þórarinnsson	Smáratún 20	800 Selfoss	482-2985	090460-4639	39
Garðar Hauksson	Reyðarkvísl 15	110 Rvk	567-3097	091282-2919	15
Ingibjörg Magnúsdóttir	Engjavegi 18	800 Selfoss	482-1945	280782-5219	16
Knútur Jóhannesson	Haga	801 Selfoss	486-6066	161232-6029	66
Magnea Bjarnadóttir	Sigtún 9	800 Selfoss	482-1798	021148-3394	50
Sverrir Rúnarsson	Haga Gnúp	801 Selfoss	486-6078	270583-4909	16
Vigfús Sigurðsson	Úthagi 4	800 Self	482-1808	240882-3029	16
Ymir Sigurðarson	Miðtún 17	800 Selfoss	482-1702	281282-4339	16
Þorkell Haraldsson	Gauksrimi 21	800 Selfoss	482-2551	100380-4719	19

15 manns komust á launaskrá árið 1999. Nokkru er það færra en árið á undan. Fjárhagurinn fer niðurávið. Sama skipan á vinnu var höfð og áður: Björgvin var verkstjóri í Haukadal og Friðrik í Þjórsárdal. Magnea sá um eldamennsku í Þjórsárdal en Bjarnheiður Böðvarsdóttir í Haukadal. Í jólatrjáavertíð kom til liðs við okkur Hallur Björgvinsson í nokkra daga svo og sjálfboðaliðið Bárður Guðmundsson, sem kom sér í jólatrjáadrátt sér til heilsubótar. Aðrir við höggið voru Knútur Jóhannesson, Björgvin Eggertsson og Böðvar Guðmundsson. Arinbjörn Þorbjörnsson var bílstjóri hluta af árinu.

Vinnuflokkur frá Landgræðslunni var í fæði í Haukadal. Landgræðslunni voru lánaðir menn í nokkra daga í lúpínuplöntun inn á Haukadalsheiði.

4. Girðingar.

- 4.1. Viðhald:** Viðhald var með minnsta móti vegna hagstæðs vetrar 98-99, og kostnaður með minnsta móti.
- 4.2. Nýgirðingar.** Endurgirtur var um 1200 metra langur kafli á afréttargirðingunni Reykhólts í Þjórsárdal. Greiddi afréttarfélag Flóa og Skeiða net og gaddavír í girðinguna, en Skógræktin sá um staura, renglur og vinnu. Þá var girtur um 400 metra kafli í Haukadal, utanum leiguland Tilraunastöðvarinnar á Mógilsá, sem er á túnunum framan við aðkomuhliðið, norðan heimreiðar. Mógilsá lagði til net og gaddavír en Skógræktin staura, reglur og vinnu. Inn í þessa girðingu var síðan komið fyrir tilraunareit með þinkvæmi, sem Mógilsármenn unnu.

5. Skógarhögg.

- 4.3. Viður:** Nokkuð var sent af viði frá suðurlandsdeild til sögunar í Viðarmiðlun. Viðurinn féll til í grisjunum garða á Selfossi (Ösp) og úr grisjun í Þjórsárdal haustið 1998. Var þetta sagað í klæðningarborð 19 mm þykkt og í efni fyrir borð og bekki: 11/2" og 2" þykkt. Viðurinn kom til okkar sagaður í des. 99.
- 4.4. Grisjun:** Lítillega var grisjað á Selfitum í Þjórsárdal í nóv. 99. Er sá efniviður ennþá liggjandi í skógi þegar þetta er skrifað. Þar var um að ræða blágreni og sitkagreni sem stóð orðið afar þétt: hluti reita 3113 og 3116.
- 4.5. Jólatré:** Meirihluti högginn jólatrjáa kom úr Haukadal. Einnig var höggið í Þjórsárdal. Þaðan kom nú í fyrsta sinn nokkurt magn af Fjallapini frá Skagway og einnig var höggið um hundrað tré af Blágreni af ýmsum kvæmum (r.2070). Hluti af torgetrjámum var höggið í Þjórsárdal. Höggið gekk ágætlega fyrir sig framan af, en mikil snókoma setti strik í reikninginn seinni hluta höggsins. Varð snjórinn uppi mitti á okkur minni mönnum, og þurrfti að moka frá trjámum þegar mest var af snjónum.

Högg jólatrjáa í Þjórsárdal:

<u>Reitir</u>	<u>2034</u>	<u>2036a</u>	<u>2074a</u>	<u>alls:</u>
Rauðgreni	50	30	40	= 120

<u>Reitir</u>	<u>2070</u>	<u>2204</u>	<u>alls:</u>
Blágreni	171	23	= 194

<u>Reitir</u>	<u>2257b</u>	<u>2290</u>	<u>alls:</u>
Stafafura	20	35	= 55

<u>Reitir</u>	<u>2153</u>	<u>2204</u>	<u>alls:</u>
Fjallapínur	50	2	= 52

Samtals: 421 tré.

Högg jólatrjáa í Haukadal :

<u>Reitir</u>	<u>2107</u>	<u>2108c</u>	<u>2109a</u>	<u>2109b</u>	<u>2124</u>	<u>6075a</u>	<u>6076</u>	<u>6077b</u>	<u>6082c</u>	<u>6082d</u>	<u>6173b</u>	<u>alls:</u>
Rauðgreni	110	160	137	38	25	200	90	195	22	160	35	= 1172

<u>Reitir:</u>	<u>6044</u>	<u>6050b</u>	<u>6050c</u>	<u>6051a</u>	<u>alls:</u>	
Stafafura	290	71	39	58	= 458	Samtals 1630 tré

Torgtré voru höggin: Í Haukadal 12 stykki , það stæsta 11,45 m var höggið í Hákonarlundi. Trén voru tekin þar og í Miðhlíðarholti og einnig í kringum starfsmannahúsið. Í Þjórsárdal var höggið í Miðhlíðartorfu í Ásólfsstaðafjalli, í bankareitnum (2124), í Selhöfðum við Kerslæk (3110) og í Gullhekturum (3415). Samtals voru höggin 31 torgtré í Þjórsárdal.

Á næstu síðum er yfirlit yfir sölutölur jólatrjáa og sölulisti eftir dögum í jólatréssölunni að Gagnheiði 25.

Ath. að sölutölur í Gagnheiði 25 passa ekki í öllum tilfellum við heildartöflunnar vegna þess að skráning er gerð eftir kassastrimli og er ónákvæm. Ber að líta á töfluna sem vísbendingu um sölu eftir dögum, jólatréssölum til hægðarauka.

Sala jólatrjáa **Des** **12** **í G 25 eftir stærðum og tegundum og dögum.** **11 til 15** **16** **17** **18** **19** **20** **2** **2** **2** **24** **up pf.** **1999.**

Des	12	11 til 15	16	17	18	19	20	2	2	2	24	up pf.
Rauðgreni	L											
0,70-100	O	0	1	1	0	1	1	1	0	1	0	6
1,00-1,25	K	1	2	1	0	1	2	4	5	9	0	25
1,25-1,50	A	1	2	1	2	1	5	9	1	2	5	56
									0	0		
1,50-1,75	Ð	0	0	1	2	0	2	4	5	1	0	33
										9		
1,75-2,00		0	0	0	0	0	2	2	0	5	1	10
2,00-2,50		0	0	0	0	0	2	0	0	0	0	2
2,50-3,00		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
3,00-4,00		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
4,00-5,00		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
5,00-6,00		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
6,00-7,00		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
7,00-8,00		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
8,00-9,00		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
10,00-11,00		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Samtals	0	2	5	4	4	3	14	2	2	5	6	0
								0	0	4		132

Des	12	11 til 15	16	17	18	19	20	2	2	2	24	up pf.
Stafafura:	L											
0,70-100	O	2	0	1	0	1	1	1	2	2	0	10
1,00-1,25	K	1	3	3	7	1	0	1	1	9	1	50
								4	1			
1,25-1,50	A	1	2	3	5	3	4	6	4	1	0	39
										1		
1,50-1,75	Ð	1	0	4	1	1	3	7	6	7	0	30
1,75-2,00		1	0	2	1	3	1	2	4	4	0	18
2,00-2,50		0	0	0	1	2	2	1	1	0	0	7
2,50-3,00		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Samtals	0	6	5	13	15	11	11	3	2	3	1	0
								1	8	3		154

Des	12	11 til 15	16	17	18	19	20	2	2	2	24	up pf.
Blágreni:	L											
0,70-100	L	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	1
1,00-1,25	O	0	0	1	2	0	4	4	4	4	0	19
1,25-1,50	K	1	1	2	5	3	0	8	1	7	0	38
									1			
1,50-1,75	A	2	3	1	3	1	4	6	4	3	0	27
1,75-2,00	Ð	0	1	0	1	1	0	3	7	1	1	25
										1		
2,00-2,50		0	0	0	1	1	0	0	3	3	0	8
2,50-3,00		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Samtals	0	3	5	4	12	6	8	2	2	2	1	0
								1	9	9		118

Des	12	11 til 15	16	17	18	19	20	2	2	2	24	up pf.
-----	----	-----------	----	----	----	----	----	---	---	---	----	--------

Pinur:	L											
0,70-100	L	0	1	1	0	1	0	0	0	0	0	3

1,00-1,25	O	1	5	4	10	6	1	0	3	1	0	31
1,25-1,50	K	1	2	8	10	10	11	2	2	2	0	89
1,50-1,75	A	1	0	2	5	3	14	1	1	5	0	53
1,75-2,00	Ð	2	1	3	2	1	1	3	5	3	0	21
2,00-2,50		0	1	0	0	0	0	0	4	2	0	7
2,50-3,00		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Samtals	0	5	10	18	27	21	27	3	4	1	0	204
								8	5	3		
Des	12	11 til 15	16	17	18	19	20	2	2	2	24	up pf.
								1	2	3		
Potttré á rót.												
0,70-100	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
1,00-1,25	0	1	1	2	0	0	0	4	0	2	0	12
1,25-1,50	0	0	0	0	0	0	0	1	0	0	0	1
Samtals	0	1	1	2	0	0	0	5	0	2	0	13
Heildarfj.seld tré.	0	17	26	41	58	41	60	1	1	1	8	0
								1	2	3		621
								5	2	1		

6. Landvinnsla / Jarðvinnsla.

6.1. Þurrlendisjarðvinnsla:

Haukadalur: TTS herfað í reitum 10113,10114

Töluvert var jarðunnið fyrir bændur í Suðurlandsskógum.

Herfið lánað til Vesturlandsskóga um vorið.

Herfið sent til Norðurlandsskóga í október .

6.2. Votlendisjarðvinnsla:

Notaður var plógur frá Hrosshaga við plæingu fyrir bændur

6.3. Landgræðsla:

Haukadalsflokkur vann við

gróðursetningu lúpínuplantna á

Haukadalsheiði í nokkra daga um mánaðarmót júní júlí ásamt starfsmönnum Landgræðslunar.









Tæplega 10.000 lúpínuplöntum var plantað á Vikrana í Þjórsárdal og fengum við vinnuflokk úr

Búrfelli til aðstoðar við okkur við það verk. Plantað var sín hvoru megin við slóðann að

Hallslaut. Þetta var annað árið sem lúpínu er plantað á Vikrana.

7. Gróðursetning:

Á næstu síðum koma fram í töfluformi gróðursetningar Skógræktar ríkisins á Suðurlandi 1999. Töflunum fylgja kort og er hver reitur sem plantað var í litaður með einkennislit viðkomandi trjategundar. Litaspjald með einkennislit trjategunda fylgir hverju korti.

Gróðursetning	
Sitkagreni	
Rauðgreni	
Blágreni	
Fura	
Lerki	
Þinur	
Birki	
Ösp	
Annað:	

8. Hirðing skóglenda.

Á næstu síðum kemur fram í töfluformi hirðing í skóglendum Skógræktar ríkisins á suðurlandi 1999.

Töflurnar eru upphaflega settar upp sem áætlunarblað fyrir hvert skóglendi. Í töflunum koma fyrir flestar liðir sem hugsanlega er hægt að vinna við í skóglendunum. Um grisjanir er þó getið sérstaklega í kafla 5.5.

Skóglendakort með lituðum reitum sem sýna hvar hefur verið unnið við hirðingu, fylgir hirðingartöflu hvers skóglendis.

Engin hirðingartafla fylgir fyrir þjórsárdal þetta árið. Engin hirðing á gróðursetningum fór fram sökum mannskapsleysis og peningaskorts. Talsvert var þó sagað frá vegum. Allur áburður sem notaður var fór á nýgróðursettar plöntur.

Næstu síður: [hirðingartöflur og kort..](#)

9. Byggingar, vélar og verkfæri.

9.1. Byggingar: Byggt var klósetthús í Gagnheiði 25, sem ætlað var fyrir tjaldstæðið í Þjórsárdal. Aldrei komst það á sinn stað þótt nánast fullbyggt sé, sökum blánkheita. Það býður því betri tíma.

Gámurinn sem settur var upp í Haukadal vorið 1998 var lagaður lítillega að innanverðu, settar upp fleyri hillur og hann blettaður að utan.

Annað var ekki gert varðandi byggingar.

9.2. Vélar og verkfæri:

9.2.1. Dráttarvélar: Aðeins eðlilegt viðhald. Grafa MF30: bakkó er orðið ónýtt og ekki lengur hægt að fá varahluti. Vélin sjálf sæmileg. Zetorar: 2 stk, orðnir gamlir og viðhaldsfrekir.

9.2.2. Önnur tæki: Aðeins eðlilegt viðhald. Smíðuð löpp undir TTS herfi, og kassi undir fylgihluti, settur á herfið.

9.2.3. Vörubílar: Sett nýtt hús á X 8044 Benz. Fengið var kojuhús frá Teiti Jónassyni og sett á bílinn. Gamla húsið var orðið gjörónýtt. Nýa húsið kostaði 280.000 auk vinnu við ásetningu. X 8117 Hino, er orðinn afar lasburða og verður honum væntanlega lagt alveg á næstunni.

9.2.4. Sagir: Engar sagir keyptar á árinu.

9.2.5. Aðrar smávélar. Keyptur var á árinu mótordrífinn jarðbor. Kostn kr 40.000. Auk þessa var keyptur aukabúnaður á keðjusagir, svokallað fræsihjól, ætlað í það verk að skræla börk af timbri.

10. Rekstraryfirlit suðurlandsdeildar (D81)

11247 Þjónustureikn 0152-26-311616	-527
11248 Tekjureikn selfoss 0152-2633616	519
11348 Gjaldareikn Selfoss 0152-2633136	270625
12151 Kortafyrirtæki	-159569
1216 Einstaklingar, félög og samtök	5.575.558
12161 Viðskiptamenn skógrækt	185.131
1217 Einstaklingar, félög og samtök	1.582.933
22001 Virðisaukaskattur, útskattur	72.876
22002 Virðisaukaskattur, innskattur.	-649.613
22003 Uppgjörsreikningur Virðisaukaskatts	-250501
2216 Einstaklingar, félög og samtök	-1.603.187
2219 Aðrir viðskiptamenn	41.579
22756 Ógreiddir reikningar	202.297
3911 Höfuðstóll í ársbyrjun	866.081
3914 Flutt af rekstrarreikningi	0
39152 Framlag ríkissjóðs vegna launa	11.740.334
39157 Framlag ríkissjóðs til ríkisstofnana í A	1.762.569
39161 Flutt frá aðalskrifstofu til deilds	10.217.234
39162 Flutt frá Selfossi til aðalskrifstofu	12.305.390
810000 Efnahagur Selfoss	8.996.755

11. Ýmislegt.

11.1. Ferðafólk.

11.1.1. Tjaldstæðið í Þjórsárdal: Sama fyrirkomulag á rekstri tjaldstæðisins og fyrri ár: starfsmenn s.r. sáu um reksturinn. Meiri umferð var á tjaldsvæðinu en 1998, sem var þá taldist metár hvað aðsókn varðar, en þá töldust gistinætur vera 3.292.

Gestakomur á tjaldstæðið:

Hagstofa Íslands Rut. 560-9800

Mánurður	Gistinætur
----------	------------

Júní	503
------	-----

Júlí	2.392
------	-------

Ágúst	1.542
-------	-------

Alls: 4.437

11.1.2. Hjólhýsastæðið í Þjórsárdal:

Mikið var að ské á hjólhýsasvæðinu á árinu, og menn lentu í deilum út af framkvæmd deiliskipulagsins sem þar var reynt að koma á. Hér á eftir fer upptalning á helstu atriðum atburða í tímaröð svo menn geti áttað sig á hvernig málin gerðust. Þegar þetta er ritað í janúar 2000 er málum ekki lokið, en hyllir e.t.v. undir samkomulag.

4/3 1999 Samþykkti Gnúpverjahreppur deiliskipulag á hluta af jörðinni Skriðufelli í Þjórsárdal með auglýsingu, eftir að hafa farið yfir athugasemdir við deiliskipulagstillöguna, sem fæstar fengu einhvern hljómgrunn.

25/3 1999 leggur skógarvörður fram á hreppsnefndarfundi “Framgangsmáta við endurskipulagningu hjólhýsastæðisins” Sama dag ritar stjórn hjólhýsafélagsins bréf til hreppsnefndar þar sem hún “sættir sig ekki við að ekkert tillit hafi verið tekið til athugasemda

þeirra við samþykkt deiliskipulagsis. Þar með var komin stríðsyfirlýsing hjólhýsamanna sem átti eftir að draga dilk á eftir sér síðar um sumarið.

Nú fór í gang vinna við gerð “Framkvæmdaáætlunar” um það sem gera þyrfti á hjólhýsastæðinu, til að uppfylla það sem í texta deiliskipulagsins fólst. Sá texti leit ekki dagsins ljós fyrr en í miðjum maí. Már Haraldsson í Háholti, varaoddviti samdi áætlunina og skógarvörður samþykkti lítið breytta. Í áætlunni komu fram dagsetningar, þar sem ákveðnir verkþættir voru tímasettir.

14/5 1999 sendir skógarvörður út bréf til hjólhýsaeigenda með auglýsingu oddvita Gnúpverjahrepps um staðfestingu deiliskipulagsins og framkvæmdaáætlun ásamt leigusamningi milli Skógræktar ríkisins og hjólhýsaeigenda hvers um sig. Stjórn hjólhýsafélagsins setti sig strax upp á móti samningnum og skógarvörður fékk aðeins 20 af um 130 samningum undirrituðum til baka.

Hjólhýsaeigendur leituðu til lögfræðings félags sumarhúsaeigenda um réttarstöðu sína og fóru nokkur bréf á milli af þeim sökum m.a. um réttarstöðu svokallaðra Húsvagna (trailera), en ekki er komin niðurstaða í það mál þegar þetta er skrifað, hvort húsvagnar teljist til hjólhýsa eða hvort þeir þurfi að hverfa af svæðinu, sbr.framkvæmdaáætlun.

Eftir japl jaml og fuður samþykktu hjólhýsaeigendur í vestur-tanga að flytja hjólhýsi sín þegar framkvæmdir við brú á Sandá hefðust. Ekki var sveitarstjórn samþykk þessu og sendi bréf 16/8 bréf þar sem boðaðar voru dagsektir.

26/8 ritar lögmaður skógræktarinnar Jóhannes R. Jóhannesson bréf til rúttueigenda í v-tanga um að fjarlægja rútur sem þar stóðu innan 15 daga.

6/9 99 biður form hjólhýsafélagsins um frest á þessu til 22 okt. Hann er samþykktur.

10/9 99 kemur bréf frá Sigurði Sigurjónssyni lögmanni Gnúpverjahrepps um dagsektir vegna mannvirkja sem áttu að vera farin fyrir 30 júní. Á þessum tímapikti var öllum atriðum fullnægt vegna 30 júní, nema að rúturnar voru ekki farnar.

22/10 99. Rútur eru farnar. Eftir stendur að framkvæma eftirfarandi vegna framkvæmdaáætlunainnar: fjarlægja viðbyggingar, færa hjólhýsi úr v-tanga og laga geymslukofa að texta deiliskipulags. Um síðastnefnda atriðið er samkomulag við sveitarstjórn að endurskoða, enda verði að taka upp deiliskipulagið vegna samnings Landbúnaðarráðuneytisins um sölu á hluta jarðarinnar Skriðufells til Landsíma Íslands, sem Guðmundur Bjarnason landbúnaðarráðherra gerði á vormánuðum 1999.

9/12 99. Lögmaður s.r. sendir þeim hjólhýsaeigendum sem enn teljast ekki hafa uppfyllt skilmála framkvæmdaáætlunarinnar uppsagnarbréf v. hjólhýsastæða þeirra. Uppsagnarfrestur er til 1.júní 2000.

21/12 99 eru samningaviðræður í gangi milli Jóns Loftsonar skógræktarstjóra, Sigurðar Þórarinssonar fjármálastj og Jóhannesar R. lögmanns s.r. annarsvegar og Sigurðar

Sigurjónssonar lög. Gnúpv.hr. um ákveðna sáttatillögu í Skriðufellsmálum öllum. Menn telja að samningur sé nánast kominn á.

28/12 99. Greiðsluáskorun berst frá Sigurði Sigurjónssyni með dagsektakröfu vegna tímabilsins 22/10 –31/12 99. Upphæð 3.350.000 kr.

5/1 2000. Bréf berst frá Jóhannesi lögmanni til lögmanns Gnúp. Sig.Sigurjóns.

Farið er fram á sáttafund.

Sama dag berast fréttir af því að Már Haraldsson sé skipaður af hreppsnefnd Gnúp. til að ljúka málinu.

Um framkvæmdir á hjólhýsasvæðinu er þetta að segja: Settur var upp heilmikill frumskógur af sitkagreni og lerki á Einbúatúni, þar sem setja á niður þau hjólhýsi sem hverfa úr v-tanga samkv. skipulagi. Grenið var tekið upp í reit nr2038 og var um 2,50 metrar á hæð að meðaltali. Lerkið var tekið upp í Lambahöfða úr reit nr 2918 og 2931. Var það álíka að hæð og grenið. Við upptökuna var notuð upptökuvél sem Pétur Þorvaldsson garðyrkjumaður á Laugarvatni hafði nýverið flutt inn í þessum tilgangi. Tekur vélin upp hnausa sem eru 80 cm breiðir og 60 cm djúpir, kóniskir. Vélin tók upp trén með hnaus og flutti að traktorsvagni sem ekið var að ákvörðunarstað, þar sem traktor með ámoksturstækjum tók trén af vögnunum og kom fyrir við holur sem áður höfðu verið teknar með upptökuvélinni. Þar var þeim komið fyrir í holunni handvirkt. Alls haf líklega verið tekin upp um 200 tré með þessum hætti og tók vinnan við þetta um 2 vikur. Það sem læra mátti af þessari upptöku trjáa af þessari hæð (2,50 m) er að grenið er orðið of stórt fyrir 80 cm hnaus, en lerkið þoldi upptökuna vel. Nokkur vanhöld urðu í greninu, og þarf að bæta þar um næsta vor. Ný vatnslögn var plægð niður frá Húsagrófarlæknum austan Skriðufellsbæjar, niður túnin á Skriðufelli og stystu leið að hjólhýsasvæðinu. Eftir á að tengja lögnina inn á vatnskerfið.

Þá var einnig útbúið vatnsból í Húsagrófarlæknum. Garður sem ýtt var upp 1998 var klæddur með vatnsheldum dúk og síu komið fyrir í lóninu sem myndaðist ofan við garðinn. Hugmyndin er sú að hafa vatn allt árið á lögnunum niður að hjólhýsastæðinu. Af vatnslögnum innan stæðisins verður þó tappað yfir veturinn.

Grafið var fyrir rotþró neðst á Einbúatúni, þar sem væntanlega kemur WC hús næsta sumar. Mikið púður fór því í hjólhýsastæðið á þessu ári, en sér fyrir endan á framkvæmdum þar.

11.1.3 Haukadalskógur: Tveir minningarlundir vígðir á árinu Gunnarslundur og Hákonarlundur. Gunnarslundur: Staðarval fór fram 98 og voru þá plantað nokkrum birkiplöntum, einni úr hverjum landshluta og reitur gróf skipulagður. Ákveðið var að minnismerkið skyldi vera myndsóla. Fjölskylda Gunnars setti hugmyndir af myndmáli súlunar á blað. Í febrúar 99 hófst Guðjón Kristinsson myndskeri svo handa við myndskurðinn. Það var minningarsjóður um Gunnar sem fjármagnaði kaupin. 19.júní var svo vinnudagur í lundinum þar sem var plantað ýmsum tegundum af trjám, göngustígur malborinn, grafið fyrir súluni og hún sett niður. Vígsludagurinn var svo mánudaginn 5 júlí. Þar kom saman c.a.

140 manns, stóð dagská yfir í 1,5 tíma. Bauð fjölskylda Gunnars til kaffis við áningar aðstöðuna í Haukadal.

Hákonarlundur: Sigurður Blöndal hefur ýtt við okkur með nokkra ára millibili að útbúa “Hákonarlund”, mynningarlund um Hákon Bjarnason fyrv. skógræktarstjóra, í birkilundinum við heimreiðina í Haukadal. (R-4514.) Ákveðið var að útbúa súlu sem skyldi lýsa ferli Hákonar í myndmáli. Guðjón Kristinsson skar einnig þessa súlu. Voru það fyrirtæki, stofnanir og einstaklingar sem styrktu gerð súlunar. Grafið var fyrir og steiptur upp sökull í júlí, og súlan sett upp. Vígsla súlunar fór svo fram föstudaginn 6 ágúst á 60 ára afmælisári Haukadalsskógar og 100 ára afmæli skógræktar á Íslandi. Þar voru mættir um 210 manns. Þarna voru auk boðina gesta, fulltrúar af aðalfundu Skf. Íslands. Eftir skipulagða dagskrá í Hákonarlundi var haldið í skógargöngu í Svartagilshvamm. Loks var boðið uppá veitingar við grillhúsið. Engin sérstakur skógardagur var haldinn þetta sumarið enda þótti orðið nóg um uppákomur í Haukadal. Settir voru upp fleyri bekkir/borð samstæður, einnig stakir bekkir meðfram göngusígunum. Útbúin voru ný kort, sem voru prentuð á límdúk og sett upp ásamt texta við aðkomuhliðið við Haukadal og í skiltahús við Laugá. Þannig að loks er komið upp yfirlitskort yfir göngusvæðin í Haukadal. Eftir er að gefa út bækling. Umferð um skóginn var svipuð og síðastliðið ár.

Þess má til gamans geta að Fagmálastjóri var einn á ferð í Haukadal í sumar í 3 daga. Þetta er hlutur sem þyrfti að gerast oftast að yfirstjórn gefi sér tíma til að spá og spekulera í málum án þess að vera á leiðinni á fund eftir korter eða að gemsinn leiki aðalhlutvekið allan tímann.

11.1.4. Gestir í heimsókn hjá Skógrækt ríkisins 1999.

Starfsmenn Skógr. Ríkisins í heimsóknnum, fundum og námskeiðum.

15/1 99. Haukadalur: námskeið Guðmundur Magnússon. Tálgunámskeið.

5/3 99. Tumastaðir: námskeið Guðmundur Magnússon. Tálgunámskeið.

6/3 99. BG á Access námskeiði í Fjölbrautarskóla suðurlands.

13/3 99. BG á fulltrúafundi skógræktarfélaganna.

17/3 99. BG og BE á starfsmannafundi Skógræktar ríkisins.

24/3 99. BG og BE á samráðsfundi með Landgræðslumönnum í Gunnarsholti.

25/3 99. BG á hreppsnefndarfundi Gnúpverja. Hjólhýsaskipulag.

29/3 99. BG á ljósmyndanámskeiði í Suðurhlíðinni ásamt starfsm. S.r.

9/4 99. BG á fundi með Þjórsárdalsnefnd.

16/4 99. Hjáparsveit skáta í Garðabæ. Fær Haukadalshús f. námskeið.

19/4 99. BG á námskeiði. Rúgbrauðsgerð: Götutré.

26/4 99. BE að skoða lönd hjá bændum sem ætla að jarðvinna ásamt Hörpu frá suðurlandsskógum.

4/5 99. Reykjavík: rúgbrauðsgerðin: Fundur um landgræðslu og skógræktar-ransóknir.

3/5 99. Brynjar Skúlason og Öyvind Sigrúnarmaður í HD að undirbúa niðursetningu tilraunar með fjallaþin.

29/5 99. BG í afmælishófi skógarvarðarins á Hallormstað.

8/6 99. BG í Þórsmörk vegna væntanlegs þyrluflugs með efni upp í Valahnjúk.

19/6 99 Haukadalur: Vinnudagur í Gunnarslundi c.a 12 frá S.R. og c.a 20 aðrir.
 25/6 99. Haukadalur: tekið á móti hópi ráðgjafaskógræðinga. Boðið í Kvöldmat.
 5/7 99. Haukadalur: Vígsla minningarsúlu Gunnars Freisteinssonar.
 11/7 99. Haukadalur: Þórarinn Ben kemur með hóp skota. Fylgd um skóginn BG.
 13-15/7 99 Haukadalur: **Fagmálastjóri: Þróstur Eysteinnsson** kom við í H.d.
 23/7 – 25/7 99. Haukadalur: Ættarmót: Sjöfn Haldórsdóttir fær lánað húsið.
 28/7 99. Haukadalur: Félag eldri borgara Reykjavík, heimskókn, fylgd um skóg.
 1/8 99 Tveggja ára heimsókn Brynjars Skúlasonar og fj. Á suðurland líkur.
 6/8 99. BG sat aðalfund Skf.Íslands að Laugarvatni. Skf.Árn sá um fundinn.
 6/8 99. Haukadalur: Vígsla mynningarsúlu um Hákon Bjarnason fyrrv. skógræktarstjóra í Hákonarlundi í Haukadal. Auk boðinna gesta mættu við vígsluna fulltr. á aðalfundi Skf.Ísl. á Laugarvatni. Skógarganga í Svartagil og nágrenni. Veitingar við áningaraðstöuna við Laugá.
 7/8 99. Haukadalur: Heimsókn “Skogstyret í Vest-Agder” í Noregi. Fylgd um skóginn. Boðið í kaffi. Fararstjóri: Arne Solum.
 8/8 99. BG og BE á fundi á Þingvöllum v. 100 ára afmælis Furulundarins.
 20/8 99. Haukadalur: Heimsókn frá V◇ler í Noregi. Fylgd um skóginn. Kaffi.
 17/9 99. BG á fundi í Svartaskógi á Héraði: Hugarflug um málefni Sr.
 25/9 99. Kirkjubæjarklaustur: BG á fundi með stjórnnum skógræktarfélaga á suðurlandi.
 18/10 99 BE á fundi í Stefnumörkunarnefnd á Selfossi.
 22/10 99. Skarfaness: Fundur með Jóni Grettissyni um framkvæmdir í Skarfanesi. Einnig herfað nokkuð land með TTS hrefi fyrir Sr og Jón Grettisson.
 28/10 99. Reykjavík: BG á Agresso námskeiði.
 5/1199. Fasteignasölum á vegum Landsíma Íslands sýnt um á Skriðufelli.
 5/11 99. Hótel Geysir: BG, BE og Ól.Odds á kynningu hótélráðenda v. hálendisstofu sem væntanleg er þar.
 12/11 99. Rangárvallasýsla: skoðun og rapport á plóg Markúsar Runólfssonar v. umsóknar hans til framleiðnisjóðs.
 2/12 99 Reykjavík: BG og BE á starfsmannafund í Rúgbrauðsgerðinni.
 3/12 99 Reykjavík: BG og BE á ráðefnu Skógræktar ríkisins V/100 ára afmæli

11.2. Ýmis verkefni í skóglendunum.

Þjórsárdalur:

Unnið var við vatnsöflun þar sem frá var horfið á fyrra ári. Garður sem ýtt var upp í Húsagróf í Skriðufellsfjalli var dúkklagður með “tjarnardúk” og látið renna í lónið. Gekk það vel. Þá var plægð niður vatnslögn frá Húsagróf, niður túnin á Skriðufelli og alla leið niður að hjólhýsastæði. Er leiðslan ótengd ennþá.

Mikið var unnið við hjólhýsastæðið í Þjórsárdal. Plantað miklu af stórum trjám á Einbúatún og skapaðir básar fyrir hjólhýsi auk þess sem allar gamlar girðingar voru rifnar upp og hent. Önnur skógarvinna var með hefðbundnum hætti, en óneytanlega fór allmikill tími í hjólhýsavafstur og deilur við hjólhýsaeigendur og sveitastjórn Gnúpverjahrepps.

Skarfaness: Herfaður var um 1 ha skiki við línuveginn framan við Lambhagann. Er þar ætlunin að kanna hvernig ýmsar plöntutegundir haga sér í þeim frospolli sem þar er á herfuðu landi.

Herfað var með TTS herfinu fyrir Jón Grettisson rétt vestan við túnið í Gamla Skarfanessi. Þar er mikil mosapemba og plöntur eiga erfitt uppdráttar.

Haukadalur:

Sumarið hófst á því að jarðunnið var undir Þintilraun á vegum Mógilsár og loks plantað út tilraunini sem er í okkar huga langþráð. Tilraunin var sett niður í túnið vestan heimreiðarinnar framan við aðkomuhliðið. Tilaraunastöðin að Mógilsá hafði gert samning um túnið við Landbúnaðarráðuneytið. Í sumar var svo girt utan um túnin. Þess má geta að sumarið 98 hafði verið plantað í plöstuð skjólbelti á umræddu túni. Á haustdögum var sett upp veðurathugunarstöð í tilraunareitinum. Vegagerð: talsvert var keyrt af mól í dýpstu holunar í sumar. Í haust gaf sig ræsi á Beiná og var það lagað. Um miðjan október var farið í vegagerð í samvinnu við Landgræðsluna, en báðar stofnaninar höfðu fengið styrk úr fjallvegasjóði til að laga veginn frá Beiná og upp í Dauðadali á Haukadalsheiði. Voru veikustu staðirnir lagfærðir. Við þetta voru notaðir tveir vörubílar og grafa frá Landgræðsluni, vörubíll og ýta frá okkur. Einnig var stór ýta frá Nesey á Skeiðum, til að ýta upp efni í vegagerðina o.fl.

Mosfell:

Við gróðursetningu í sumar kom 10 manna hópur frá Landsvirkjun sem var leiðbeint við að gróðursetja, og voru þau hjá okkur í tvo daga að nema þessi fræði.

Eins og undanfarin ár var sett talsvert af tilraunum í Mosfell en annars er ansi erfitt að átta sig á hvað er hvurs og hvurs er hvað, því þrátt fyrir allar tölvuvæðinguna fjölgun sérfræðinga og eflingu rannsókna kemur ekkert til okkar sem gæti hugsanlega útskírt hvað er hvurs og hvurs er hvað. Stórlega vantar að fá frá tilraunastöðinni yfirlit og staðsetningar á ýmsum tilraunareitum í Mosfelli og innihaldi þeirra.

Þórsmörk: kr 1.000.000 fékkst úr Umhverfissjóði verslunarinnar til framkvæmda í Þórsmörk.

Unnið var við göngustíg í Valahnjúk og gömul þrep löguð og ný þrep sett niður.

Göngustígnum efst í hnúknum var breytt. Þyrlla frá varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli flutti hluta efnisins, staura og mól, upp á Valahnúk og létti það verkið mikið.

Vélknúinn bor var notaður til að bora fyrir staurum og var mikil framför í því miðað við fyrri vinnubrögð. Til er nokkuð af staurum ennþá uppi í hnúknum, til síðari nota.

Böðvar Guðmundsson skógarvörður.